



Skólanámskrá
Leikskólinn Víðivellir
Jafnrétti, virðing og vinátta



Hafnarfjörður

Formáli

Skólanámskrá leikskólans Víðivalla var unnin af deildarstjórum, sérkennslustjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra skólans. Námskráin er byggð á vinnu sem hefur verið unnin af starfsfólki skólans og er stefnt að því að vinna skólanámskrána áfram með öllu starfsfólki á næstu árum.

Skólanámskrá leikskólans Víðivalla er leiðarvísir fyrir allt starf leikskólans og endurspeglar gildi hans: **jafnrétti, virðing og vinátta**. Gildin okkar endurspeglast í daglegum samskiptum, samstarfi og viðhorfum starfsfólks, barna og foreldra. Í samskiptasáttmála Víðivalla kemur fram að allir fái að njóta sín óháð aldri, kyni, menntun eða þjóðerni og að raddir allra hafi vægi. Lögð er áhersla á hlýleg samskipti, ábyrgð og samvinnu ásamt því að sýna hvert öðru virðingu og skilning.

Í starfi Víðivalla er lögð áhersla á leik sem helstu námsleið barna, þátttöku og inngildingu. Námið fer fram í gegnum leik, sköpun, hreyfingu, samveru og daglegar athafnir þar sem börn fá að taka virkan þátt og njóta sín á eigin forsendum. Námskráin er lifandi skjal og gildir þessi útgáfa í eitt ár eða til ársins 2026.

Efnisyfirlit

Formáli	1
Starfsfólk leikskóla	5
Leikskólakennari	5
Deildarstjóri	5
Leikskóla- og frístundaliði	5
Þroskarpjálfi og sérkennari.....	6
Hlutverk leikskólastjóra.....	6
Hugmyndafræði	7
Leikur	7
Leiðarljósir okkar	7
Inngilding.....	11
Sérstaða leikskólans	12
Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.....	13
Grunnþættir menntunar	13
Jafnrétti	13
Læsi	14
Heilbrigði og velferð	15
Hreyfing og útivera.....	16
Heilbrigði og forvarnir	17
Sjálfbærni.....	18
Sköpun.....	20
Lýðræði og mannréttindi	21
Starfið	22
Mat á stöðu leikskólabarna	24
Samstarf heimilis og leikskóla.....	25
Foreldrasamtöl.....	25
Foreldraráð.....	25
Foreldrafélag	26
Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið	26
Samstarf við grunnskóla.....	26
Tengsl við nærumhverfið.	26
Mat og eftirlit	28
Ytra mat á leikskólastarfi.....	28
Innra mat á leikskólastarfi	28
Heimildaskrá.....	29

Inngangur

Námskrá leikskóla er grundvöllur fyrir uppeldi og menntun barna á leikskólastigi sem fellur undir íslensk lög og reglur sem miða að því að tryggja réttindi og velferð barna. Námskráin tekur mið af og útfærir markmið, áherslur og aðferðir sem sett eru fram í lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Samkvæmt þessum lögum ber leikskólastjóri ábyrgð á útgáfu og framkvæmd námskrár, sem á að vera í samræmi við aðalnámskrá og stefnu sveitarfélagsins.

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) eru settar fram almennar leiðbeiningar um hvernig skólar eigi að móta og innleiða nám og uppeldi í leikskólum. Námskráin hefur það að markmiði að stuðla að alhliða þroska barna í samræmi við þarfir þeirra ásamt því að gefa þeim tækifæri til að læra og vaxa í öruggu en jafnframt uppbyggjandi umhverfi.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) tryggja að þjónusta sem snýr að börnum sé samræmd og samþætt á milli opinberra aðila, svo að börn og fjölskyldur þeirra fái allar þær upplýsingar og stuðning sem þau þurfa. Í samræmi við þessi lög er mikilvægt að leikskólar hafi skýra og samræmda nálgun í vinnu með þjónustu og stuðning við börn.

Í námskránni koma einnig fram upplýsingar um grunnþætti menntunar og þær stefnur sem leikskólinn starfar eftir, þar á meðal jafnréttisstefna, sem stuðlar að jafnrétti allra barna óháð kyni, fötlun, menningu eða öðrum þáttum. Stefna gegn einelti tryggir að leikskólinn sé öruggur staður þar sem öll börn njóti virðingar og jafnræðis. Einnig verður að virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem börn eru viðurkennd sem sjálfstæðir einstaklingar með rétt til að taka þátt í ákvörðunum sem varða þeirra líf og velferð.

Námskráin er ekki aðeins skjal sem útfærir nám og uppeldi í leikskóla, heldur einnig tæki til að tryggja að allir leikskólar fylgi lagalegum kröfum og stefnum sem miða að velferð og jafnræði allra barna.

Leikskólinn Víðivellir

Leikskólinn Víðivellir, Miðvangi 39,
Hafnarfirði tók til starfa 28. febrúar árið 1977.

Hjá okkur dvelja 86 börn á fjórum
aldurskiptum deildum: Ungadeild, Kisudeild,
Bangsadeild og Kanínudeild. Leikskólinn er
933 m², leikrými er 414 m². Leikskólinn hefur
þá sérstöðu að hafa rúmgóðan sal í miðrými
hússins sem nýttur er til hreyfingar, leiks og
náms auk söngstunda og leiksýninga. Lóð
leikskólans er 6270 m² og er skipt upp í fjögur

svæði. Leiktækin á lóðinni eru fjölbreytt og hugað er að aðgengi hreyfihamlaðra. Frá náttúrunnar
hendi býður leiksvæðið upp á fjölmarga möguleika til hreyfingar og leikja, góðar brekkur,
göngustígar, hraun og fleira.

Leikskólinn er opinn frá 7:30 til 16:30 alla virka daga. Á öllum deildum er boðið upp á
sveigjanlegan vistunartíma, frá fjórum upp í átta og hálfa klukkustund á dag. Leikskólasterfið
skiptist á tvær annir, það er haust- og vorönn og tekur starfsemin mið af þeim. Leikskólinn er
lokaður í þrjár vikur yfir sumarmánuðina en öll börn þurfa að taka fjögurra vikna samfleytt
sumarfrí á sumarfrístímabilinu. Skipulagsdagar eru fimm á ári og þá er skólinn lokaður en auk
þeirra eru tveir morgunfundir á önn og þá opnar leikskólinn klukkan 10:00. Leikskóladagar eru að
jafnaði 180 dagar á ári. Aðrir dagar eru svokallaðir skráningardagar og má sjá þá á skóladagatali
leikskólans. Á þessum dögum þarf að skrá börn sérstaklega í leikskólann, annars er litið svo á að
þau séu í fríi. Skráning fer fram í Völu á þessum sérstöku skráningardögum og er á ábyrgð foreldra
(Hafnarfjarðarbær, e.d.).

Stöðugildi leikskólans ákvarðast af barngildum samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi
leikskóla (655/2009) og fjölda stuðningstíma hverju sinni. Menntun starfsmanna er breytileg. Í
leikskólanum starfa kennarar, þroskajálfar, aðrir háskólamenntaðir starfsmenn og leikskóla- og
frístundaliðar. Hafnarfjörður er í þjónustusamningi við Í-mat vegna mötuneytis og reksturs á
eldhúsi.

Umsóknir um leikskólapláss, breytingar á vistunartíma og öll dagleg samskipti við foreldra og
forsjáraðila fara fram í gegnum Völu leikskólaforrit og vefsíðu.



Starfsfólk leikskóla



Starfsfólk leikskóla vinnur saman að því að skapa öruggt, nærandi og lærdómsríkt umhverfi fyrir börn. Hver og einn gegnir mikilvægu hlutverki í daglegu starfi og stuðlar að þroska, vellíðan og námi barnanna. Starfið byggir á grunnþáttum menntunar, leik, virkri þátttöku og fjölbreyttum starfsháttum sem taka mið af þörfum hvers barns (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Starfsmannahópurinn starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra og öðrum þeim lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla, starfslýsingu og stefnu Hafnarfjarðarbæjar. Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu.

Leikskólakennari

Leikskólakennarar bera faglega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd náms og leiks. Þeir fylgjast með þroska barna og aðlaga starfið að þörfum hvers og eins. Þeir leiðbeina samstarfsfólki, viðhalda góðu foreldrasamstarfi og vinna með sérfræðingum þegar þörf krefur. Leikskólakennarar taka virkan þátt í þróun skólanámskrár.

Deildarstjóri

Deildarstjóri stýrir daglegu starfi deildarinnar og tryggir að það fari fram samkvæmt skólanámskrá. Hann heldur utan um vinnutíma, upplýsingaflæði og samskipti við foreldra og sérfræðinga. Hann leiðbeinir starfsfólki og tryggir að börn fái viðeigandi stuðning.

Leikskóla- og frístundaliði

Leikskóla- og frístundaliði styður við börnin í leik og daglegum athöfnum. Þeir vinna samkvæmt leiðsögn kennara og deildarstjóra og taka virkan þátt í að skapa lærdómsumhverfi sem byggir á leik og samskiptum. Þeir vinna með börnum með sérþarfir í samráði við sérfræðinga. Þeir aðlaga verkefni, veita stuðning í hópastarfi og sinna þjálfun samkvæmt leiðbeiningum.

Þroskajálfi og sérkennari

Þroskajálfar og sérkennarar greina þarfir barna með sérþarfir, útbúa einstaklingsáætlanir og veita starfsfólki og foreldrum faglega ráðgjöf. Þeir tryggja að stuðningur sé markviss og í samræmi við menntastefnu leikskólans. Þeir skipuleggja þjálfun og halda utan um upplýsingagjöf og samráð við aðra sérfræðinga.



Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi leikskólans og mótar í samráði við annað starfsfólk, menningu, gildi og stefnu hans. Hann leiðir faglegt starf með það að markmiði að tryggja börnum þroskavænlegt umhverfi þar sem leikur, vellíðan og nám eru í forgrunni. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) ber leikskólastjóri ábyrgð á að farið sé eftir lögum, reglugerðum og skólanámskrá. Hann tryggir að starfshættir endurspegli grunnþætti menntunar, svo sem jafnrétti, lýðræði og sjálfbærni, og að börn fái notið bernsku sinnar í virðingarfullu og skapandi umhverfi.

Hugmyndafræði

Leikur

Leikur er kjarninn í starfinu á Víðivöllum. Í daglegu skipulagi er lögð áhersla á frjálsan leik, val barna, útiveru og skapandi starf, þar sem börn fá að tjá sig, prófa sig áfram og læra í gegnum leik og hreyfingu. Í gegnum leik eflum við málþroska, félagsfærni og sjálfstæði. Börn eiga að fá tækifæri til að leika sér á eigin forsendum, en leikskólakennarar eru á staðnum og styðja við leikinn á forsendum barnanna og leiksins. Leikurinn er því markviss og faglegur þáttur í námi og velferð barnanna.



„Leikur er megin námsleið barna og gegnir lykilhlutverki í þroska þeirra, sköpun, samskiptum og sjálfsmynd“

Aðalnámskrá leikskóla
(2011)

Leiðarljósinn okkar

Starfsfólk leikskólans vann saman að því að draga út áherslurnar í leikskólamenningunni á Víðivöllum. Úr þeirri vinnu urðu til einkunnarorðin okkar: jafnrétti, virðing og vinátta sem eru leiðarljós í daglegu starfi leikskólans. Jafnrétti birtist í því að öll börn fái jöfn tækifæri til þátttöku í leik og námi óháð uppruna, kyni, getu eða aðstæðum. Virðing kemur fram í hlýlegum samskiptum þar sem hlustað er á raddir barna og tekið mið af þörfum og sjónarhornum hvers og eins. Vinátta er ræktuð með leik, samveru og verkefnum sem efla samkennd, samvinnu og félagsfærni. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að börnin upplifi sig örugg, velkomin og mikilvæg í hópnum; þar sem þau læra að virða sjálf sig og aðra.



JAFNRÉTTI

Öllum er treyst fyrir verkefnum

Við skiptum öll máli, óðháð kyni, trú og öðru

Það þurfa ekki allir það sama

Aðgengi fyrir alla

Raddir allra hafa vægi

Allir taka þátt


Ég hef skoðun, og hún skiptir máli

Allir fá tækifæri til þátttöku

Að upplifa tilheyr

Deilum ábyrgð





VIRÐING

Tölum fallega við börn og
samstarfsfólk

Erum vakandi fyrir líðan annarra

Gefum hugmyndum annarra tækifæri

Tölum við - ekki um

Treystum hvort öðru

Göngum frá eftir okkur

Að geta verið ósammála

Tölum fallega um hvort annað

Hlustum

Erum til staðar fyrir hvort annað

Tökum tillit og erum kurteis





VINÁTTA

Þjóðum góðan daginn

Grínumst saman

Hjálpumst að

Hlýtt faðmlag

Hlusta á og virða skoðanir og tillögur
annarra

Erum heiðarleg

Tækifæri til þátttöku

Hrósum

Brosum til hvors annars

Erum til staðar fyrir hvort annað

Tölum vel um og við hvort annað



Inngilding

Í leikskólanum Víðivöllum er lögð áhersla á inngildandi menntun þar sem öll börn eiga jafnan rétt til þátttöku í leik og námi, óháð þörfum eða bakgrunni. Við vinnum út frá þeirri sýn að greining eða formlegt mat sé ekki forsenda þess að barn fái stuðning, í samræmi við frumvarp um inngildandi menntun (2024).

Sérfræðipjónusta leikskólans byggir á innri skólaþjónustu sem veitt er á vettvangi skólans og í nánú samstarfi við foreldra, aðra starfmenn skóla og fagfólk. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á stjórnun og skipulagi sérkennslu, uppeldis- og menntunargögnum, foreldrasamvinnu og ráðgjöf. Hann stuðlar að jafnrétti og jákvæðum viðhorfum til barna með fötlun eða þroskafrávik. Þjálfar vinna að einstaklingsmiðaðri þjálfun og ráðgjöf í samstarfi við stuðningsaðila og annað starfsfólk. Stuðningstímar eru skipulagðir með það að markmiði að barnið sé virkur þátttakandi í daglegu starfi deildarinnar.



Á Víðivöllum er áherslan lögð á:

Snemmtækan og sveigjanlegan stuðning sem tekur mið af þörfum hvers barns.

Þverfaglega samvinnu þjálfra, sérkennslustjóra, deildarstjóra og fagfólks innan og utan leikskólans.

Markvissa skráningu og einstaklingsáætlanir sem eru unnar í samráði við foreldra og uppfærðar reglulega.

Samráðsfundi þjálfra og stuðningsaðila sem tryggja samfellu og gæði í stuðningi. Auk svigrúms í daglegu starfi til samráðs og miðlun upplýsinga .

Með öflugri innri skólaþjónustu og inngildandi starfsháttum náum við góðri yfirsýn yfir barnahópin og getum gripið inn í til að öll börn fái tækifæri til að vaxa og dafna á eigin forsendum í öruggu og styðjandi umhverfi.

Sérstaða leikskólans

Leikskólinn Víðivellir tók til starfa 28.febrúar 1977. Ein deildin var sérdeild fyrir fötluð börn sem þjónaði öllu Reykjanesinu. Árið 1993 var sérdeildin lögð niður og lögð áhersla á blöndun fatlaðra og ófatlaðra barna. Mikil reynsla er innan skólans til að mæta þörfum fjölbreytts barnahóps með áherslu á að skapa samfélag þar sem öll börn upplifa sig sem hluta af heildinni. Auk þess er lagt mikið upp úr því að vera í góðu samstarfi við sérfræðinga utan skólans svo sem sjúkrapjálfa, iðjupjálfa, talmeinafræðinga, hjúkrunafræðinga, sálfræðinga.



Á Víðivöllum höfum við komið upp skynjunarrými sem styður við nám og vellíðan barna með áherslu á skynjun og ró. Rýmið er hannað til að örva sjón, heyrn, snertingu og lykt með róandi lýsingu, hljóðum, mjúkum efnum og ilmefnum. Þar geta börn notið einstaklings- eða hópastunda í öruggu og aðlaðandi umhverfi. Skynjunarrýmið nýtist sérstaklega börnum með skynúrvinnsluvanda eða aðrar sértækar þarfir, en er opið öllum börnum leikskólans. Starfsfólk fær leiðbeiningar um notkun búnaðarins og skráir nýtingu rýmisins til að tryggja markvissa vinnu. Rýmið byggir á hugmyndafræði Snoezelen, þar sem börnin stjórna eigin upplifun. Markmiðið er að efla skynvitund, draga úr kvíða og styðja við jákvæða upplifun í leik og námi (Andersen o.fl., 1994).



Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Frá árinu 2018 hafa leikskólar í Hafnarfirði unnið samkvæmt verkferlum Brúarinnar. Brúin er verklag sem var sett af stað í Hafnarfirði til að tryggja snemmtæka þjónustu og virkja úrræði í nærumhverfi barns. Með Brúnni er lögð áhersla á þverfaglega þjónustu sem fer fram í gegnum lausnateymi leikskólanna (Hulda Björk Finnsdóttir, 2018). Í Brúarteymi Víðivalla sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, tengiliður farsældar og ráðgjafar frá fjölskyldu- og barnamálasviði og/eða mennta- og lýðheilsusviði.

Í janúar 2022 tóku gildi lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021). Í kjölfar þess hafa farið af stað umbætur á verklagi Brúarinnar. Markmið laganna er að tryggja að börn og forsjáraðilar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins, svo sem í leikskóla eða grunnskóla. Á Víðivöllum er það Ásta S. Loftsdóttir sérkennslustjóri sem hefur það hlutverk.

Tengiliður farsældar í leikskólanum hefur það hlutverk að vinna mál með börnum, fjölskyldum og starfsfólki. Leita lausna og virkja úrræði á fyrsta stigi (sjá úrræðalista leikskóla). Einnig getur tengiliður vísað máli í úrræði á öðru stigi (sjá úrræðalista sveitafélags) og fært mál til málstjóra á öðru stigi þegar og ef þörf er á. Leið forsjáraðila eða barns til að hefja samþætta þjónustu er í gegnum beiðni um samþættingu þjónustu (Hafnarfjarðarbær, e.d.).



Grunnþættir menntunar

Jafnrétti

Jafnrétti er eitt af grunngildum leikskólans Víðivalla og er leiðarljós okkar í öllu starfi. Leikskólinn vinnur markvisst að því að tryggja jöfn tækifæri og virðingu fyrir fjölbreytileika meðal barna og starfsfólks, óháð þroska, heilsu, kyni, uppruna, kynhneigð, kyntjáningu eða annarri stöðu. Samkvæmt frumvarpi um inngildandi menntun (2024) eiga börn rétt á að þörfum þeirra sé mætt í skólastarfi, njóta skólagöngu sinnar og taka framförum í námi og þroska í samræmi við eigin forsendur.

Í jafnréttisáætlun Víðivalla eru sett fram skýr markmið og aðgerðir sem styðja við inngildandi starf.



Að leikefni og bækur endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Að kennsluhættir og námsefni mismuni ekki eftir kyni eða stöðu.

Að aðstæður til leiks og náms séu aðgengilegar fyrir öll börn.

Að samskipti við foreldra séu jöfn og óháð kyni, stöðu eða bakgrunni.

Leikskólinn vinnur einnig að því að tryggja jafnrétti meðal starfsfólks með kynhlutlausum ráðningum, launajafnrétti og jöfnum tækifærum til símenntunar og starfsþróunar.

Læsi

Læsi er grunnstoð í öllu námi og þroska barna. Í leikskólanum Víðivöllum er unnið markvisst að því að efla málvitund, orðaforða og hljóðkerfisvitund barna með fjölbreyttum aðferðum og áherslum sem byggja á læsisnámskrá skólans.



„Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að; ... kynnast tungumálinu og möguleikum þess, ... þróa tungumál í leik með öðrum börnum“

Aðalnámskrá leikskóla
(2011)

Tákn með tali styður við málproska og læsi barna með því að nota einföld handatákn samhliða töluðu máli. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) hugsa börn og tjá sig gjarnan í myndum og táknum. Mikilvægt er að þau fái að nota líkamstjáningu jafnhliða töluðu og rituðu máli í leik og áhugi þeirra á ritmáli, bókum og margvíslegum miðlum sé vakinn. Táknin hjálpa börnum að skilja orð betur, muna þau og tjá sig. Þetta eykur þátttöku allra barna, sérstaklega þeirra sem eru að læra tungumálið eða eiga erfitt með tjáningu. Með því að nota tákn í daglegu starfi; t.d. í söngvum, sögum og leik, styrkjum við orðaforða, málskilning og áhuga barna á tungumálinu.

Orðaforðanámskrá Víðivalla styður sérstaklega við fjöltyngd börn og börn með veikleika í orðaforða. Námskráin byggir á orðaforðalista Menntamálastofnunar (2017) og er skipt í fjögur tímabil og þrjú getustig. Hún er notuð markvisst í daglegu starfi, t.d. í hópastarfi og samverustundum, og nýtist öllum börnum. Markmiðið er að efla orðaforða með aðgengilegum námsgögnum og skráningu sem fylgir barninu milli deilda. Tákn með tali er svo samþætt námskránni með „tákn vikunnar“ sem tengist orðaflokkum tímabilsins. Þessi nálgun styður við málskilning, læsi og þátttöku allra barna í leik og námi.

Víðivellir hefur starfrækt læsisteymi sem vinnur að samræmingu og þróun læsisvinnu. Stefnir er að því að virkja teymið betur með reglulegum fundum, greiningu á þörfum og stuðningi við starfsfólk í kennslu.

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð eru órjúfanlegur hluti af daglegu starfi. Í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla (2011) er markvisst unnið að því að efla hreyfiproska, sjálfsmynd og jákvætt viðhorf til eigin heilsu.



Hreyfing og útivera

Íþróttir eru fastur liður í vikulegri dagskrá þar sem lögð er áhersla á alhliða hreyfiþroska og félagsfærni. Öll börn fara í skipulagða íþróttatíma einu sinni í viku. Skipulag íþróttatímanna breytist vikulega: gólfæfingar, leikir, boltaleikir, frjálst og þrautabraut. Auk þess fara elstu börnin íþróttamiðstöðina Björk einu sinni í viku. Þar fara þau í stóra salinn og þjálfa grófhreyfingar í frjálsum tímum.



Börnin fara í útiveru minnst klukkutíma á dag. Garðurinn á Víðivöllum er stór og býður upp á fjölbreytta hreyfingu. Áhersla er lögð á að útisvæðið sé aðgengilegt öllum og auk hefðbundinna leiktækja höfum er á lóðinni hjólastólaróla og kastali sem er aðgengilegur hreyfihömluðum.

Hjóladagar eru haldnir á vorin þar sem börnin koma með hjól og hjálma og fá tækifæri til að æfa jafnvægi, samhæfingu og umferðarvitund. Einnig er reglulega farið í vettvangsferðir í nærumhverfi skólans.



Heilbrigði og forvarnir

Samkvæmt eineltisáætlun skólans vinnum við að forvörnum meðal annars með því að notast við Vináttuverkefni Barnaheilla. Verkefnið hjálpar börnum að læra um tilfinningar, vináttu og hvernig á að leysa ágreining á jákvæðan hátt. Börnin kynnast Blæ og vinum hans, sem kenna þeim að hlusta, sýna samkennd og taka þátt í leik með öðrum. Með sögum, leikjum og samræðum læra þau að allir eiga að fá að vera með – og að það er mikilvægt að vera góður vinur (Barnaheill, e.d.).

Verndarar barna er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn kynferðisofbeldi á börnum. Allt starfsfólk tekur námskeið á heimasíðu Barnaheilla. Námskeiðið kennir fullorðnum leiðir til að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi, þekkja vísbendingar um að ofbeldi sé að eiga sér stað eða að grunur leiki á að verið sé að skapa aðstæður sem kunna að leiða til kynferðislegrar misnotkunar á barni eða ungmenni, og hvernig bregðast skuli við slíkum aðstæðum.

Markmiðið er að allt starfsfólk leikskólans fari á skyndihjálparnámskeið á tveggja ára fresti og bregðist hratt og faglega við slysum eða veikindum. Foreldrar eru alltaf látnir vita ef barn verður veikt eða slasast. Leikskólinn vinnur samkvæmt handbók um velferð öryggi barna í leikskólum sem gefin er út af mennta og barnamálaráðuneytinu (2024) og hefur skýrar leiðbeiningar um viðbrögð við slysum og veikindum.

Tannverndarvika er haldin árlega þar sem börnin fá fræðslu um tannhirðu og mikilvægi heilbrigðs mataræðis. Auk þess kemur slökkviliðið kemur árlega í heimsókn og kynnir fyrir börnunum eldvarnir á skemmtilegan og fræðandi hátt með Loga og Glóð.



Samgöngustofa heldur úti umferðaskóla fyrir elsta hóp leikskólabarna. Í umferðaskólanum er m.a. fjallað um öryggi barna í bílum, hvernig sé best að fara yfir götu, hvar sé öruggast að hjóla og leika sér úti. Börnin vinna verkefni og fara í gegnum námsefni frá Samgöngustofu. Náms efnið fjallar um Matthildi, Dodda og innipúkann sem þau þekkja úr bókunum Krakkarnir í Kátugötu.

Sjálfbærni

Í leikskólanum Víðivöllum er lögð áhersla á að börn læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu. Sjálfbærni er samþætt í daglegt starf með því að efla umhverfisvitund, ábyrgð og virka þátttöku barna í umhverfisvernd. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) á leikskólastarfið að stuðla að því að börn læri að bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi og öðlist skilning á mikilvægi sjálfbærrar þróunar. Sjálfbærnivinna á Víðivöllum byggir á virku samtali, leik og þátttöku barna. Umhverfismennt stuðlar að því að börn séu meðvituð og ábyrg fyrir náttúrunni og samfélaginu.

Í listasmiðju er lögð áhersla á vistvæna hugsun og skapandi endurnýtingu. Börnin læra að nýta fjölbreytt efni úr umhverfi sínu, svo sem náttúruleg hráefni; steina, greinar og laufblöð sem og endurvinnanlegt efni; klósettrúllur, eggjabakka, dagblöð og plastumbúðir. Með þessu er stuðlað að umhverfisvitund og sjálfbærni í skapandi starfi.



Markmiðið er að efla sköpunargleði barnanna með því að sýna þeim að list getur sprottið úr hversdagslegum hlutum. Í leiðinni læra þau um mikilvægi flokkunar, endurnýtingar og ábyrgðar í neyslu.

Starfsfólk virkir þátttöku barna í útiveru. Þeir nýta tækifærið til að ræða við börnin um náttúruna, kenna þeim að bera virðingu fyrir lífríki, fylgjast með vexti og breytingum og stuðla að skapandi leikjum sem tengjast náttúru og efni úr umhverfinu. Sem styrkir tengsl þeirra við náttúruna og eykur skilning á hringrásum hennar. Starfsfólk er hvatt til að taka ábyrgð og sýna gott fordæmi. Í starfsmannahandbók er lögð áhersla á að starfsfólk gangi vel um skólann og búnað hans, sýni ábyrgð og stuðli að jákvæðum venjum í umgengni við umhverfið.



Sköpun

Sköpun er stór þáttur í leikskólastarfi og mikilvæg leið fyrir börn til að tjá sig, prófa sig áfram og þróa eigin hugmyndir.



„Leikskólastarf á að stuðla að sköpun og tjáningu barna með fjölbreyttum aðferðum þar sem börn fá að tjá tilfinningar, hugmyndir og reynslu á eigin forsendum“


Aðalnámskrá leikskóla (2011)

Sköpun er ekki afmörkuð við listatíma heldur fléttuð inn í allt daglegt starf. Börnin fá að tjá sig á eigin forsendum og upplifa að hugmyndir þeirra skipta máli, sem styrkir sjálfsmynd þeirra og skapar grundvöll fyrir framtíðarnám og þátttöku í samfélaginu.

Listasmiðjur eru á öllum deildum þar sem börnin fá að lita, mála, móta, klippa og líma. Lögð er áhersla á að börnin vinni út frá eigin hugmyndum og upplifi gleði í sköpunarferlinu.

Söngstundir eru fastur liður í leikskólastarfinu og börnin fá tækifæri til að koma fram, segja sögur og tjá sig í hóp. Þetta styrkir málþroska, sjálfstraust og tjáningarhæfni.

Börnin vinna með kubba og annað byggingarefni sem örvar rýmisgreind, samvinnu og sköpunargleði. Þau læra að skipuleggja, prófa og endurskoða eigin hugmyndir.



Náttúran er einnig vettvangur sköpunar. Börnin nýta efnivið úr umhverfinu í leik og sköpun, t.d. steina, lauf og greinar. Starfsfólk styður við sköpunarferlið með því að vekja athygli á formum, litum og mynstrum í náttúrunni.

Lýðræði og mannréttindi

Í leikskólanum er lögð áhersla á að börn upplifi að þau hafi rödd og áhrif í eigin leik og námi. Lýðræði og mannréttindi eru samþætt í daglegt starf með því að skapa umhverfi þar sem virðing, jafnrétti og þátttaka eru í forgrunni. Þessi nálgun er einnig í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem kveður á um rétt barna til að tjá sig, fá upplýsingar og taka þátt í samfélaginu á eigin forsendum (lög um samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Lýðræðislegt starf á Víðivöllum fer fram daglega þar sem meðal annars er rætt um réttindi barna; rétt þeirra til að tjá sig, leika, læra og vera örugg. Börnin fá tækifæri til að velja sér



leiksvæði, efnivið og félag. Með valtoflum og myndrænu skipulagi er stuðlað að sjálfstæði og ábyrgð barna í eigin leik og námi.

Nemendaráð hefur verið starfrækt í leikskólanum þar sem börn fá að koma með hugmyndir, ræða málin og taka þátt í ákvörðunum sem snerta þeirra daglega líf í leikskólanum. Auk þess eru alþjóðlegir dagar nýttir til að vekja athygli á mannréttindum og fjölbreytileika svo sem réttindum fatlaðra, fjölmenningu og jafnrétti.

Starfið

Í leikskólanum Víðivöllum er lögð áhersla á að nám og leikur fléttist saman á eðlilegan og skapandi hátt í daglegu lífi barnanna. Námsvið og grunnþættir menntunar eru samþættir í gegnum leik, útiveru, sköpun, hreyfingu og samveru. Leikur er kjarninn í öllu starfi og er nýttur markvisst til að efla málproska, félagsfærni, sjálfstæði og sköpunargleði.



„Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman, þeir eiga að byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast daglegum athöfnum í leikskóla.“

Aðalnámskrá leikskóla (2011)

Starfið byggir á fjölbreyttum námsháttum þar sem börnin fá að velja, prófa sig áfram og hafa áhrif á eigið nám. Starfsfólk skipuleggur leik og nám barnanna og nýta hópamöppur til þess að halda utan um áherslupætti og upplýsingar sem við koma börnunum. Þar eru höfð til hliðsjónar skóladagatal og orðaforðanámskrá leikskólans. Auk þess er nám aðlagð að getu barnanna og fylgst með framförum samkvæmt þroskaviðmiðum útgefnum af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Embætti Landlæknis (2025). Með teymisvinnu starfsfólks, sveigjanlegu skipulagi og samþættingu viðfangsefna fá börn tækifæri til að þroskast á eigin forsendum. Námið fer fram í gegnum daglegar athafnir, leik, vettvangsferðir og skapandi verkefni þar sem öll námsvið koma við sögu.

Með þessari samþættingu er stuðlað að alhliða þroska barna í öruggu og hvetjandi umhverfi þar sem leikur og nám mynda eina heild.



Mat á stöðu leikskólabarna

Læsisstefna Hafnarfjarðar, lestur er lífsins leikur (2022) setur viðmið um hvenær þurfi að grípa inn í og veita aðstoð til barna vegna veikleika í málþroska. Unnið er út frá sjónarmiðum um snemmtæka íhlutun og markmiðið er að veita nemendum nægan stuðning og tækifæri til að ná hámarksárangri.

Skimanir sem eru lagðar fyrir öll börn í samræmi við læsisstefnu Hafnarfjarðar:

Hljóm-2 er aldursbundin skimun sem metur hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Skimunin hjálpar til við að greina börn sem kunna að vera í áhættu vegna lestrarerfiðleika.

Orðaskil er matstæki sem metur orðaforða og setningaupbyggingu barna og styður við snemmtæka íhlutun. Orðaskil er lagt fyrir öll tveggja og þriggja ára börn í Hafnarfirði.

TRAS er skimun sem kortleggur málþroska og félagsfærni barna frá tveggja ára aldri og nýtist til að kortleggja styrk- og veikleika barna.

Listar sem við höfum til taks til að meta þroska, líðan og hegðun barna samkvæmt öðru og þriðja þrepi úrræðalista leikskólans:

Hæfnirammar meta málþroska tví- og fjöltyngdra barna með tilliti til hversu lengi þau hafa verið í leikskóla á Íslandi.

Íslenski þroskalistinn: athugunarlisti fyrir þriggja til sex ára börn sem forsjáraðili fyllir út og tekur mið af alhliða þroska barnsins.

Smábarnalistinn er staðlaður athugunarlisti fyrir 15 -38 mánaða börn sem forsjáraðili fyllir út. Listanum er ætlað að meta mál- og hreyfiþroska barna.

EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Efi var á árum áður notað fyrir þriggja og hálfs árs börn af hjúkrunarfræðingum heilsugæslunnar. Með breyttu fyrirkomulagi í ungbarnaeftirliti var skimunin endurstöðluð og Efi-2 nýtist nú uppeldismenntuðu starfsfólki leikskóla til að skima veikleika í tjáningu og skilningi barna á fjórða ári.

Kuno Beller (Udviklingsbeskrivelse af smabörn - et pædagogisk hjælpemiddel) er þroskalisti sem er staðlaður á dönskum börnum en er til í íslenskri þýðingu. Listinn er fyrir börn frá fæðingu til sex ára. Matið var mikið nýtt hér áður fyrr en er minna notað í dag.

Atferlis og athugunarlisti (AAL) er listi sem leikskólakennari svarar og metur atferli leikskólabarna. Listanum er ætlað að greina veikleika í athygli og hegðun barna.

Gerd strand er huglægur matslisti á stöðu fjögurra ára barna í ákveðnum færniþáttum.

AEPS er færnilisti er fyrir börn 0-3 ára annarsvegar og 3-6 ára hinsvegar. Listinn tekur yfir flesta þroskaþætti barnsins. *AEPS* færnilisti er uppbyggður með það í huga að auðvelda markmiðsetningu einstaklingsáætlana.

“*Atferlislisti Lovaasar*” er listi yfir þjálfunaráætlanir úr bókinni *Behavioral Intervention for Young Children with Autism*. Listinn er nýttur í einstaka tilfellum og þá yfirleitt með öðrum þroska/og eða færnimötum.

Félagsfærni gátlisti-4 er listi frá Ráðgjafar- og greiningarstöð. Listinn tekur yfir sameinaða athygli, leik, málleg samskipti og vináttu.

Samstarf heimilis og leikskóla

Við leggjum áherslu á að hafa opið og virkt samstarf við foreldra. Foreldrum er boðið í foreldrakaffi tvisvar á ári og haldnir eru foreldrafundir þar sem starfsemi leikskólans er kynnt. Upplýsingamiðlun fer fram í gegnum Völu og lagt er upp með að senda vikulega pósta þar sem foreldrar eru upplýstir um starf vikunnar og það sem er framundan. Markmiðið er að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi og leik barnanna sinna.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru mikilvægur þáttur í samstarfi heimilis og leikskóla. Á Víðivöllum eru þau skipulögð af deildarstjóra að vori ár hvert. Þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða líðan, þroska og nám barnanna í rólegu og faglegu umhverfi. Foreldrar eru einnig hvattir til að óska eftir samtölum hvenær sem þeir hafa þörf fyrir.

Foreldraráð

Foreldraráð leikskólans Víðivalla er skipað af þremur fulltrúum foreldra og gegnir mikilvægu hlutverki í samstarfi milli heimilis og skóla. Ráðið veitir umsögn um starfsáætlun og skóladagatal leikskólans og kemur að ýmsum málum sem varða starfsemi hans. Samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) hefur foreldraráð umsagnarétt um allar meiriháttar breytingar á starfsemi leikskólans. Foreldraráð er vettvangur fyrir samráð, samvinnu og lýðræðislega þátttöku foreldra í skólasamfélaginu.

Foreldrafélag

Foreldrafélagið stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Það skipuleggur m.a. jólaball með jólasveinum og sumarhátíð með skemmtidagskrá. Félagið styrkir félagslíf leikskólans og eflir tengsl milli heimilis og skóla á skemmtilegan hátt. Allir foreldrar og forsjáraðilar eru meðlimir í foreldrafélaginu og greiða gjöld í félagið tvisvar á ári.

Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Í leikskólanum Víðivöllum er lögð áhersla á að börn upplifi samfellu í námi og tengsl við samfélagið í kringum sig. Samstarf við grunnskóla og nærumhverfi styrkir félagsfærni, sjálfsmynd og eykur öryggi barna þegar þau stíga næstu skref í námi og þroska.

Samstarf við grunnskóla

Víðivellir hefur virkt samstarf við Víðistaðaskóla. Á hverju skólaári eru skipulagðar heimsóknir og sameiginleg verkefni sem miða að því að undirbúa börnin fyrir grunnskólagöngu. Á haustönn fara börnin á elsta ári í tvær heimsóknir í Víðistaðaskóla, þar fara börnin í heimsókn í kennslustofur og taka þátt í kennslustund með léttum verkefnum. Einnig fáum við heimsókn barna úr Víðistaðaskóla sem koma og lesa fyrir börnin í tengslum við litlu og stóru upplestrarkeppnirnar. Á vorönn fara börnin í tvær heimsóknir í Víðistaðaskóla þar sem þau fá að kynnast matsalnum, hlusta á sögulestur á bókasafninu og fara í frímínútur. Þetta samstarf stuðlar að samfellu í námi og dregur úr óvissu þegar börn hefja grunnskólagöngu.

Tengsl við nærumhverfið.

Leikskólinn er staðsettur í hrauninu í norðurbæ Hafnarfjarðar. Hann nýtur góðs af staðsetningu sinni nálægt helstu náttúruperlum bæjarins, Víðistaðatúni, Hellisgerði og fjörunni við Langeyri. Hraunið er endalaus uppspretta uppgötvunar og leikja. Leikskólinn nýtir fjölbreytt tækifæri í nærumhverfinu til að efla tengsl barna við samfélagið og náttúruna. Á vorin förum við í vorferðir meðal annars að Hvaleyrarvatni og Hellisgerði. Einnig förum við í styttri gönguferðir í nærumhverfi þar sem börnin upplifa náttúruna og læra í gegnum leik, skynjun og könnun.

Börnin fara í reglulegar heimsóknir í bókasafn Hafnarfjarðar þar sem þau læra að umgangast bækur og kynnast starfinu sem þar fer fram. Bókasafnið hefur boðið uppá kynningu á þemakössum, þar sem starfsmaður Bókasafns Hafnarfjarðar kemur og kynnir þemakassa sem tengjast náttúru og lífríki.



Börnin fara í vettvangsferðir þar sem þau kynnst starfinu í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, kirkjum bæjarins og ýmsum söfnum. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur boðið elstu börnum leikskóla á sýningar einu sinni til tvisvar á ári. Auk þess höfum verið að nýta okkur boð frá Borgarsögusafni og Þjóðminjasafni á fjölbreyttar sýningar sem þau bjóða uppá. Þjóðleikhúsið hefur boðið elstu börnunum á leikskólasýningu. Einnig hafa elstu börnin heimsótt Hrafnistu einu sinni í mánuði þar sem þau eiga notalega samverustund með eldri kynslóðinni. Börnin í leikskólanum taka þátt í menningarviðburðum og fræðslu t.d. í tengslum við jól, bónda- og konudaginn og halda úti listsýningu í júní í tengslum við menningardaga Hafnarfjarðar.

Með þessum hætti tengjum við leikskólastarfið við samfélagið og umhverfið og stuðlum að vísýni, virðingu og forvitni barna.



Mat og eftirlit

Ytra mat á leikskólastarfi

Í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 skulu sveitafélög tryggja að ytra mat sé hluti af heildarskipulagi leikskólastarfs og að niðurstöður þess séu nýttar til umbóta. Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum og veitir mikilvæga innsýn í starf leikskólans frá sjónarhóli foreldra og annarra hagsmunaaðila. Annað hvert ár er framkvæmd foreldrakönnun í gegnum Skólapúlsinn og vinnustaðagreining er framkvæmd á hverju ári.

Niðurstöður mats eru nýttar til að bæta upplýsingamiðlun til foreldra, efla samstarf heimilis og skóla, móta heilbrigða vinnustaðamenningu og móta umbótaáætlun í samráði við starfsfólk og stjórnendur.

Innra mat á leikskólastarfi

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 bera sveitafélög ábyrgð á mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, þar með talið innra mati. Innra mat í leikskólanum Víðivöllum er hluti af faglegri þróun og umbótastarfi. Það felst í því að stjórnendur og starfsfólk metur reglulega eigið starf með það að markmiði að bæta gæði leikskólastarfsins. Innra mats áætlun er birt í starfsáætlun ár hvert.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla 2011/20211.

Andersen, G. O.fl. (1994). *Snøezelen som redskab til et bedre liv?* Silkeborg: Børnehjemmet Solbo.

Barnaheill. (e.d.) *Vinátta*. www.barnaheill.is/vinatta/

Elsa Pálsdóttir. (2017). *Orðaforðalisti*. Menntamálastofnun.

Hafnarfjarðarbær. (2022). *Lestur er lífsins leikur* [bæklingur]. https://hafnarfjordur.is/wp-content/uploads/2024/09/uppfaersla-2022_Lestur-er-lifsins-leikur.pdf

Hafnarfjarðarbær. (e.d.). *Farsæld barna, stuðningur við börn og foreldra*. <https://hafnarfjordur.is/test-page/farsaeld-barna/urraedalisti-farsaeldar-barna/#aside-main>

Hafnarfjarðarbær. (e.d.). *Leikskóladagurinn*. <https://hafnarfjordur.is/thjonusta/skolar-og-born/leikskolar/leikskoladagurinn/>

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Embætti Landlæknis. (2025, 2. júlí). Þroski 2-6 ára barna. <https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/throskaferlid/throski-og-uppeldi-barna/throski-2-til-6-ara-barna/>

Hulda Björk Finnsdóttir. (2018, 20. desember). *BRÚIN: Barn, Ráðgjöf, Úrræði*. www.hafnarfjordur.is

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Mennta og barnamálaráðherra. (2024, 27. febrúar). *Frumvarp til laga um inngildandi menntun*. <https://samradapi.island.is/api/Documents/7ab941b9-7dd5-ee11-9bc1-005056bcce7e>

Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2004). *Handbók um velferð og öryggi í leikskólum*. [Handbók]. https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/oryggishandbok_leikskola/

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 6554/2009.